



# HAFNARFJÖRÐUR

## Minnisblað

### Efni: Magma skuldabréf - sala

Hafnarfjarðarbær eignaðist skuldabréf að fjárhæð USD 1.675.910 þegar Magma Energy Sweden keypti hlut sveitarfélagsins í HS Orku hf. í lok árssin 2009. Bréfið er með einn gjalddaga sem er í desember 2016 en vaxtagjalddagi er í desember á hverju ári. Skuldabréfið ber 1,5% vexti, höfuðstóllin er tengdur álverði og er tryggt með veði í í hinum seldu hlutabréfum í HS Orku hf.

Í bókum Hafnarfjarðar er bréfið fært miðað 3,5% ávöxtunarkröfu þ.e. með afföllum og stendur í dag í kr. 193.257.085 en vaxtagreiðslur síðustu þriggja ára hafa bæst við höfuðstól bréfsins sem er í samræmi við ákvæði bréfsins. Vextir ársins 2013 hafa verið greiddir. Bréfið er veðsett FMS.

Hér fyrir neðan er reynt að leggja mat á kosti og galla á sölu bréfsins en á árinu 2010 var kannað áhugi fagfjárfesta á bréfinu sem reyndist enginn þá en nú má vera breytt landslag.

#### Kostir:

- Andvirði bréfsins fer til greiðslu inn á erlenda lán sveitarfélagsins þannig að skuldir þess lækka sem því nemur.
- Nettó fjármagnskostnaður lækkar þar sem vaxtatekjur sveitarfélaga bera 20% fjármagnstekjuskatt en þar skilur á milli.
- Gengisáhætta breytist lítið þar sem eignin og skuldin eru háð gengi annars vegar evru og hins vegar bandaríkjadali.

#### Gallar:

- Álverð er í lágmarki og það hefur bein áhrif á verðmæti bréfsins en álverð á síðustu fjórum árum hefur álverð lækkað meira en 30%.
- Fjármagnstekjuskattur vegna söluhagnaðar að fjárhæð 6,7 millj.kr kemur til greiðslu við sölu bréfsins.

Hafnarfjörður, 18. desember 2013

Gerður Guðjónsdóttir